



Grein birt 31. desember 2011

Hanna Óladóttir

Málfræði handa unglingum

Lýsandi málfræði og forskriftarmálfræði

Í greininni er sýnt fram á nauðsyn þess að ganga út frá lýsandi málfræði frekar en forskriftarmálfræði við kennslu málfræði í grunnskóla. Sérstaklega er horft á unglingastigið enda er hlutur málfræði í íslenskukennslu mestur þar. Fyrst er farið í gegnum nokkurt námsefni í málfræði sem notað er á unglingastigi grunnskóla um þessar mundir en sú úttekt er hluti rannsóknar sem höfundur stóð að með Önnu S. Þráinsdóttur vorið 2010 og náði til fjögurra grunnskóla í Reykjavík. Úttektin sýnir að forskriftarmálfræði er mjög ríkjandi í því námsefni sem skólarnir velja sér. Því næst er sýnt fram á hversu illa þessi nálgun hentar til að ná fram markmiðum gildandi aðalnámskrár þegar kemur að íslenskri málfræði. Að lokum eru lýst kostum þess að ganga út frá lýsandi málfræði við kennsluna til að ná fram markmiðum aðalnámskrár en einnig til að fræða nemendur um eðli og hlutverk tungumála almennt, bæði í félagslegum og menningarlegum skilningi.

Höfundur er aðjunkt við Kennaradeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Grammar for teenagers: Descriptive and prescriptive grammar

This article serves to show that it necessary to put descriptive rather than prescriptive grammar at the forefront when teaching Icelandic in primary and lower secondary schools. The focus is on teaching at the lower secondary school level, since grammar is a comparatively large part of the curriculum at that level. First, teaching materials currently used for the 9th and 10th grade are examined. This assessment is a part of a study done with Anna S. Þráinsdóttir in four schools in Reykjavík in the spring of 2010. The study shows that prescriptive grammar is predominant in teaching materials chosen by the four schools. It further serves to show how badly this approach meets the goals of the current national curriculum regarding Icelandic grammar. Finally, arguments are presented for using a more descriptive approach to meet the goals of the national curriculum and teach about the nature and role of languages in general, in both social and cultural terms.

The author is adjunct at the Faculty of Teacher Education, School of Education, University of Iceland.

Inngangur

Nauðsynlegt er að nemendur í grunnskóla geri sér glögga grein fyrir tvennum sannindum um eðli tungumála. Annars vegar er það sú staðreynd að talmálið kom á undan ritmálinu, ritmálið byggist á talmálinu en ekki öfugt. Hitt atriðið snýst svo um þá staðreynd að tungu-

mál breytast í tímans rás og hætta ekki að þróast á ákveðnum tímapunkti. Þetta tvennt tengist að sjálfsögðu því að allar breytingar í tungumálinu eiga uppruna sinn í talmálinu.

Yfirlýsingar af þessu tagi þarfnast nokkurs rökstuðnings. Þær tengjast umræðunni um hvert sé markmið málfræðikennslu en einnig því hvort lýsandi málfræði eigi ekki jafnt erindi við grunnskólanema og hefðbundnari forskriftarmálfræði eða jafnvel frekara erindi við þá.

Hugtökin forskriftarmálfræði og lýsandi málfræði, sem snerta meginviðfangsefni þessarar greinar, má skýra á eftirfarandi hátt. Forskriftarmálfræði segir fyrir um hvernig eigi að beita málinu. Í henni er oft rætt um hvað sé rétt og hvað rangt í málarsefnum byggt á þeim málstaðli sem er í gildi þegar málfræðin er kennd. Breytingar á málinu, sem ekki eru í samræmi við þennan staðal, eru ekki til umræðu, þeim er hreinlega hafnað.

Lýsandi málfræði fjallar hins vegar um hvernig málinu er beitt í raun og veru. Margbreytileika tungumálsins er lýst og tilbrigðum í máli. Munur á talmáli og ritmáli er til umræðu sem og mismunandi málsnið, þ.e. hvernig misformlegar aðstæður hafa áhrif á málbeitingu fólks. Gerður er greinarmunur á mismunandi málvenjum sem allar eru taldar réttar þó að við ákveðnar aðstæður séu þær ekki allar viðurkenndar og því misgóðar. Rangt mál er það mál skilgreint sem ekki er í samræmi við neina málvenju, hins vegar er það mál talið vont sem ekki þykir við hæfi við ákveðnar málaðstæður, yfirleitt frekar formlegar (Höskuldur Þráinsson, 2006, bls. 307–308; 1999, bls. 9–12).

Til að varpa ljósi á viðfangsefnið verður meðal annars fjallað um mismunandi markmið málfræðikennslu, bæði eins og þau birtast í námskrá en einnig í skrifum fræðimanna og annarra. Fyrst verður þó skoðað námsefni í málfræði sem notað er á unglingsstigi grunnskóla um þessar mundir til að fá nokkra hugmynd um hvernig málfræði er kynnt fyrir nemendum í íslenskum grunnskólum. Síðan verður hefðbundin nálgun í málfræðikennslu, þ.e. forskriftarmálfræði, mátuð við markmið nógildandi aðalnámskrár í íslensku og að lokum verða færð rök fyrir því hvers vegna lýsandi málfræði á erindi við grunnskólanemendur.

Námsefni í málfræði

Hefðbundið námsefni í málfræði fellur undir forskriftarmálfræði. Nærtækast er að nefna sem dæmi *Íslenska málfræði* Björns Guðfinnssonar sem lengi vel var ein helsta kennslubókin í málfræði í efstu bekkjum grunnskóla; frá 1958 í endurskoðaðri útgáfu Eiríks Hreins Finnbogasonar. Þó að bók Björns hafi verið langlíf í skólum landsins hefur margt nýtt námsefni í málfræði fyrir unglinga litið dagsins ljós. Námsefnið sem hér er til umfjöllunar er ætlað nemendum í 9.–10. bekk grunnskóla. Ekki er um tæmandi lista að ræða heldur er lagt til grundvallar það efni sem notað var veturinn 2009–2010 í fjórum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Skólana heimsótti greinarhöfundur ásamt Önnu S. Þráinsdóttur á vordögum 2010. Fylgst var með málfræðikennslu í 9. og 10. bekkjum, samtals 24 kennslustundir, og tekin viðtöl við kennara, átta talsins. Efnið sem safnaðist með viðtölum og í kennslustundum verður notað þar sem það á við í umfjölluninni um námsefnið sem hér fer á eftir.

Í grein sem birtist eftir greinarhöfund í *Ráðstefnuriti Netlu – Menntakviku 2010* (Hanna Óladóttir, 2010) var meðal annars fjallað um þetta sama námsefni en þá út frá því hvernig breytileiki í máli væri kynntur fyrir nemendum. Hér verður sama námsefnið metið frá öðru sjónarhorni með það að markmiði að sjá hvort forskriftarmálfræðin og hefðbundnar kennsluaðferðir henni tengdar séu ríkjandi í námsefninu og hvort lýsandi málfræði fái þar einhvern sess.

Nokkur aldursmunur er á námsefninu sem hér er til umfjöllunar. Elsta efnið var upprunalega gefið út 1986 þó að hér verði fjallað um aukna og endurbætta 5. útgáfu bókarinnar frá árinu 1997. Þetta er kennslubókin *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist* eftir Jón

Norland og Gunnlaug V. Snævarr. Á svipuðum aldri eru bækurnar *Fallorð* frá 1988, *Sagnorð* frá 1989 og *Smáorð* frá 1990 eftir Magnús Jón Árnason. Næst skal nefna *Mályrkju III* eftir Höskuld Þráinsson og Silju Aðalsteinsdóttur sem ætluð er fyrir 10. bekk og kom út 1998. Í tengslum við *Mályrkju I, II* og *III* samdi Svanhildur Kr. Sverrisdóttir þrjár verkefnabækur, meðal annars í málfræði og stafsetningu, sem nefnast *Finnur I, II* og *III*. Hér verða skoðaðar bækurnar *Finnur II* og *III* sem ætlaðar eru 9. og 10. bekk en þær komu út 2003 og 2005. Samhliða fylgdi meðal annars hugtakabókin *Málfinnur: Lítil málfræðibók* frá 2001, einnig eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur. Að síðustu verður svo rýnt í nýjasta náms-efnið sem sumir skólanna fjögurra eru að prófa sig áfram með en það er *Skerpa 1–3: Vallaskólaleiðin* eftir Guðbjörgu Grímsdóttur, Guðbjörgu Dóru Sverrisdóttur og Kristjönu Hallgrímsdóttur sem komu út 2008–2009. Sérstaklega verður *Skerpa 2* skoðuð en hún er ætluð 9. bekk.

Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist

Bókin *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist* eftir Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr sem kom út í 5. útgáfu, aukinni og endurbættri, árið 1997 var kennd í 10. bekk í einum af þeim fjórum skólum sem heimsóttir voru. Auk þess hugðust kennarar í einum af hinum skólunum þremur taka upp kennslu í henni á yfirstandandi skólaári.

Bókinni er skipt í fimm kafla. Fyrsti kafli heitir *Orðflokkar* en þar má finna hefðbundna skólamálfraði þar sem orðflokkgreining skipar öndvegi (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 5). Á eftir fylgja kaflarnir *Setningafræði*, *Hljóðfræði*, *Málnotkun* og *Ljóðalestur*. Forskriftarmálfræðin, þar sem eitt málafræðingur er rétt og allt annað rangt, er í hávegum höfð í þessari bók. Sé til að mynda lítið til fyrsta kafans þar sem fjallað er um beygingar og eðli orðflokka og sérstaklega staldrað við sagnorðin og umfjöllunina um ópersónulegar sagnir stendur þar: „Þá skal þess getið að oft eru sagnirnar kvíða og hlakka notaðar sem ópersónulegar sagnir en það er rangt!“ (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 46). Nokkru neðar á sömu blaðsíðu stendur síðan: „Loks er rétt að minnst á það að ýmsum hættir til að nota þágufall með sumum ópersónulegum sögnum sem eiga að hafa þólfall. Dæmi um slíkar sagnir eru langa og vanta. Segja á: mig langar og mig vantar – en ekki *mér langar og *mér vantar“ (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1987, bls. 46). Hér er ekki gefið neitt rúm fyrir breytileika í máli; svona á þetta að vera og annað er rangt, við allar aðstæður. Ekki er minnst á að þetta eigi helst að varast í formlegu ritmáli.

Í kaflanum *Rétt og rangt mál* er hnykkt á því að öll frávik frá viðurkenndu máli skuli forðast en þar segir að þó að nokkurt umburðarlyndi í mállegum efnum sé sjálfsagt veiti reglurnar nauðsynlegt aðhald. Ef látið er reka á reiðanum er hætt við að tungunni hnigni mjög ört (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 135). Telja þeir að það myndi bera vott um slíka hnignun ef eftirfarandi málsgreynir yrði gerð að löggiltri íslensku, eins og þeir orða það, enda hvetja þeir nemendur til að leiðrétta hana hið snarasta: „Mér hlakkar til að sjá Reynir og Ýr, systir mína, labba inn kirkjugólfið án þess að kíkja á gestina og draga síðan hringa á puttana á hvoru öðru og kyssa síðan hvert annað“ (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 135). Ef frá er talin notkun orðanna *labba*, *kíkja* og *putti*, sem teljast tal- eða barnamál og ekki við hæfi í vönduðu ritmáli, má skýra öll frávikin frá viðurkenndri íslensku með því að annarri reglu er beitt en þeirri sem viðurkennd er en ekki regluleysi eins og höfundarnir virðast halda fram. Bókarhöfundar halda því líka fram að það að segja *læknirar tala við Þórir* og *mér hlakkar til* sé ekki málvenja og því rangt mál og telja sig styðjast við nýjustu skilgreiningar á réttu og röngu máli (Höskuldur Þráinsson, 2006, bls. 305–307) sem falla undir lýsandi málfræði. Að segja *læknirar* í fleirtölu, *Þórir* í þólfalli eintölu og *mér hlakkar til* er hluti af málkerfi margra Íslendinga og því málvenja og rétt mál í þeim skilningi. Hins vegar er þetta ekki talið gott mál við formlega aðstæður.

Niðurstaðan af lestri kennslubókarinnar *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist* er því sú að þar sé ekki mikið reynt til að kenna um margbreytileika tungumálsins öðruvísi en í formi dóma um hvað sé rétt og hvað rangt. Ekki er talað um málbreytingar heldur málvillur. Hvergi er látið að því liggja að til séu fleiri gjaldgeng afbrigði í málinu, önnur málsnið, heldur aðeins þetta eina sem höfundar lýsa sem viðeigandi og réttu. Það er því óhætt að segja að forskriftarmálfræði birtist hér í sinni hreinustu mynd.

Fallorð, Sagnorð og Smáorð

Bækurnar *Fallorð* frá 1988, *Sagnorð* frá 1989 og *Smáorð* frá 1990 eru eftir Magnús Jón Árnason. Eins og hann segir í aðfararorðum sem finna má innan á kápu þeirra allra og beint er til kennarans er um verkefnabækur að ræða sem samdar voru með það fyrir augum að notast með *Málvísi 1* (1989), *2* (1990) og *3* (1985) eftir Indriða Gíslason. Þó skal þess getið að bækur Indriða fjölluðu ekki einvörðungu um orðflokka og einkenni þeirra, eins og bækurnar sem hér eru til umfjöllunar gera. Séu bækur Indriða ekki notaðar jafnhliða bendir Magnús á að nauðsynlegt sé að fjalla um helstu fræðilegu grundvallaratriði áður en nemendur vinna verkefnið í bókunum þremur (Magnús Jón Árnason 1988, 1989 og 1990). *Málvísibækurnar* voru ekki notaðar í neinum af skólunum fjórum en bækurnar *Fallorð*, *Sagnorð* og *Smáorð* voru notaðar í einum þeirra.

Eins og aðfararorðin í bókunum þremur gefa til kynna eru þetta verkefnabækur og þeim ekki ætlað að standa sjálfstæðar án viðbótarefnis. Þó er í þeim nokkur texti þar sem hugtök eru kynnt. Til dæmis fer rúm blaðsíða í það í sagnorðabókinni að útskýra hvað átt er við með hugtakinu ópersónuleg sögn (Magnús Jón Árnason 1989:25–26) áður en verkefni eru lögð fyrir. Ekki er neitt svigrúm gefið til að ræða tilbrigði í máli heldur er hér um algjöra forskrift að ræða þó að ekki sé nokkurn tíma talað um rétt mál og rangt heldur aðeins sett fram það sem er rétt en hitt aldrei rætt. Sérstaklega er þó bent á það að sagnirnar *hlakka*, *kvíða* og *finna til* séu persónulegar og því þurfi að muna: Ég hlakka til, þú hlakkar til o.s.frv. (Magnús Jón Árnason, 1989, bls. 29).

Annars staðar í bókunum eru ekki leiðbeiningar af þessu tagi, málfræðifyrbrigði eru útskýrð og hugtök kynnt og síðan koma verkefni, sem öll eru hin hefðbundnustu, eyðufyllingar og undirstrikanir. Framsetningin er því ólíkt mildari en í kennslubókinni sem fjallað var um hér á undan en hún byggist þó á þeirri sömu hugmynd forskriftarmálfræðinnar að ein tegund málsins sé rétt. Merki um lýsandi málfræði eru því ekki að sjá í þessum bókum.

Mályrkja III

Mályrkja III er eftir Höskuld Þráinsson og Silju Aðalsteinsdóttur og kom út árið 1998. Hún er ætluð nemendum á unglingsstigi grunnskóla, einkum í 10. bekk. Bókin er sjálfstætt framhald bókana *Mályrkja I* (Þórunn Blöndal, 1994) og *Mályrkja II* (Þórunn Blöndal, 1996) en helsti munurinn á henni og undanförum hennar er að reynt er að gefa heildstæðara yfirlit yfir bókmenntir og málfræði, eins og segir í formála bókarinnar (Höskuldur Þráinsson og Silja Aðalsteinsdóttir, 1998, bls. 5). Í málfræðiefni bókarinnar er að finna yfirlit yfir hljóðfræði, hljóðkerfisfræði, beygingarfræði, setningafræði, orðmyndunarfræði og merkingarfræði íslensks nútímamáls en þar er líka fjallað um mállýskur, málvöndun, málbreytingar, málsögu og skyldleika íslensku við önnur mál (Höskuldur Þráinsson og Silja Aðalsteinsdóttir, 1998, bls. 5). Í bókinni er lögð áhersla á að tengja málfræðina við umfjöllun um texta, bókmenntir, ritun, notkun handbóka, málanám, máltöku og samanburð tungumála til að sýna fram á að málfræði er ekki einangrað fyrirbæri heldur tengist fjölda námsgreina og viðfangsefna (Höskuldur Þráinsson og Silja Aðalsteinsdóttir, 1998, bls. 5).

Í fljótu bragði virðist sem gert sé ráð fyrir ákveðinni grunnþekkingu á málfræði og málfræðihugtökum sem síðan er byggt á og reynt að sýna fram á hvernig megi nota á ýmsum

sviðum. Þó er farið yfir alla orðflokka og einkenni þeirra. Auk þess er reynt að varpa ljósi á þekkt fyrirbæri frá nýjum hliðum, eins og til dæmis tengsl framburðar við stafsetningu til að gera nemendum ljóst af hverju þeir eiga í erfiðleikum með að stafsetja eitt umfram annað (Höskuldur Þráinsson og Silja Aðalsteinsdóttir, 1998, bls. 39–40).

Þó að í bókinni sé fjallað um málfræði á annan hátt en í hefðbundnum forskriftarmálfræði-bókum, eins og til að mynda þeim sem þegar hefur verið fjallað um hér, og talað til nemenda sem vitsmunavera og þannig reynt að gera þá að meðvituðum málnotendum sem sjálfir beri ábyrgð á námi sínu, þá er ýmislegt sem vantar. Til dæmis er ekkert talað um breytileika í máli (að frátöldum staðbundnum framburðarmállýskum), fjölbreytileika eða málvenjur. Máltilfinning nemenda er ekki sérstaklega til umræðu og aldrei er fjallað um málstaðal eða staðlað ritmál. Rétt mál og rangt, vont mál og gott er ekki til umræðu né heldur málsnið. Allt er það þó umfjöllunarefni sem höfundur málfræðihlutans, Höskuldur Þráinsson, hefur fjallað um á öðrum vettvangi, t.a.m. í *Handbók um málfræði*, sem hann vísar reyndar til í bókinni.

Athygli vekur að þó að þrír af fjórum skólum noti *Mályrkju III* eru það mestmegnis textarnir sem þeir sækjast eftir en ekki málfræðin. Undantekning frá því er þó umfjöllunin um staðbundnar framburðarmállýskur. Kennari úr einum skólanum gefur þá skýringu að útskýringar í málfræði séu ómarkvissar og lítið um verkefni sem fylgi. Þegar rætt var um verkefni í málfræði við kennara þess skóla sem ekki notar *Mályrkju* hafði hann á orði að þó að þau væru vissulega góð ættu þau frekar heima í framhaldsskóla því að þau gerðu ráð fyrir svo mikilli þekkingu nemenda. Að sama skapi má kannski segja að þau geri líka ráð fyrir mikilli þekkingu kennara eða að minnsta kosti þekkingu á þeirri nálgun sem þar er að finna.

Ástæðan fyrir því að umfjöllun um þessa bók er höfð hér með, þó að skólarnir nýti ekki málfræðihluta hennar nema að mjög litlu leyti, er sú að ætla má að það segi margt um þá nálgun sem kennarar velja þegar þeir hafna bók sem þeir hafa þó undir höndum og gætu notað verkefni úr til mótvægis við þau hefðbundnu eyðufyllingarverkefni sem virðast vera ríkjandi í málfræðikennslunni. Telja má að þetta sýni hversu erfitt getur reynst að brjótast undan venjum hinnar hefðbundnu skólarmálfræði og verkefnum hennar.

Finnur I–III og Málfinnur

Bækurnar *Finnur I, II og III* voru samdar sem verkefnabækur með *Mályrkju I, II og III* og þeim fylgir meðal annars bókinn *Málfinnur. Lítil málfræðibók*, sem er yfirlit yfir helstu málfræðiatríði. Bækurnar samdi Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. *Málfinnur* kom út 2001, *Finnur I og II* 2005 og *Finnur III* kom upphaflega út 2003. Allir skólarnir fjórir dreifa *Málfinni* til nemenda sinna en sú bók er, eins og einn kennari sagði, „málfræði á einföldu máli“. Í þremur skólum af fjórum eru *Finnsbækurnar* síðan nýttar að einhverju marki. Í einum eru allar þrjár nýttar en í hinum tveim er það einna helst *Finnur II*.

Í *Málfinni* er að finna mjög hefðbundna mállýsingu íslenskunnar. Farið er í gegnum alla orðflokka, eðli þeirra og einkenni, helstu hljóðbreytingar, orðmyndun, einfalda setningafræði, merkingu orða lítið eitt og uppbyggingu orðaforðans. Þetta er hrein forskriftarmálfræði þar sem ekki er fjallað um neinar nútímamálbreytingar eða tilbrigði í máli. Enn frekar á forskriftarnótunum er settur inn hér og þar í mállýsingunni þáttur sem heitir *Gæt-um tungu okkar!* Þar eru leiðbeiningar um rétt mál og rangt, „heyrst hefur: .../rétt er: ...“. Verkefni í *Finnsbókunum* eru svo á hefðbundnu nótunum þar sem allt sem rætt er um í *Málfinni* er æft þar, að miklu leyti í formi eyðufyllinga.

Í þessum bókum er hvergi tekið á marg- eða síbreytileika tungumálsins heldur er áherslan algjör á forskriftarmálfræðina, þar sem staðlað ritmál er í fyrirrúmi þó að það sé aldrei

kallað því nafni heldur er verið að lýsa íslensku. Lýsandi málfræði er því ekki höfð til grundvallar heldur forskriftarmálfræðin.

Skerpa 2

Nýjasta námsefnið sem tveir af fjórum skólum nýttu sér er *Skerpa 1, 2 og 3: Vallaskóla-leiðin* eftir Guðbjörgu Grímsdóttur o.fl. frá 2008–2009. Það er þó eingöngu *Skerpa 2* sem skólarnir tveir nýta við kennslu 9. bekkjar.

Skerpubókunum er skipt í lotur. Þeirri sem hér er til umfjöllunar, númer 2, er til að mynda skipt í 9 lotur. Í upphafi hvernar lotu eru sett fram markmið og síðan koma svonefndar glósur um málfræði, stafsetningu, bókmenntir og ritun. Glósurnar eru ekki tæmandi efni fyrir nemandann og því er nauðsynlegt að kennarinn fylgi þeim eftir með meiri upplýsingum og dæmum. Meginefni hvernar lotu eru síðan verkefni sem tengjast markmiðunum og glósunum. Í málfræðilotunni eru hefðbundin eyðufyllingarverkefni sem þjálfar nemendur í því sem áður hefur verið kallað hefðbundin skólamálfræði, þ.e. orðflokkgreiningu, setningafræðihugtökum og orðmyndun, sem byggist algjörlega á stöðluðu ritmáli, án þess að það sé nokkurn tíma nefnt á nafn.

Á einum stað er þó komið inn á muninn á góðu og vondu máli sem er ekki dæmigert fyrir nálgun forskriftarmálfræði sem hamrar á því að eitt sé rétt í málfarsefnum en annað rangt. Þetta á sér stað í 7. lotu en þar er eitt markmiðið að „Átta sig á hvað átt er við með góðu máli og vondu og hafa rætt um það“ (Guðbjörg Grímsdóttir o.fl., 2009, bls. 103). Þarna reynir mjög á útskýringar kennara á muninum á röngu og réttu máli annars vegar og góðu og vondu máli hins vegar því að verkefnið sem fylgir (bls. 107) hjálpar ekki mikið. Þar á að dæma hvort sjö málsgreinar teljist gott mál en svo óheppilega vill til að svarmöguleikarnir eru aðeins tveir „Rétt“ og „Rangt“. Hætt er við að hugmyndir forskriftarmálfræðinnar verði þarna ofan á enda eru tilbrigði í máli og sýnbreytileiki tungumálsins ekki tekin sérstaklega fyrir. Forskriftin er því hér í fyrirrúmi en ekki lýsandi málfræði.

Forskriftarmálfræði og markmið aðalnámskrár

Þó að aðeins hafi verið fjallað um hvaða námsefni er notað við málfræðikennslu á unglingastigi í fjórum grunnskólum er þetta allt námsefni sem er notað mun víðar, án þess að fyrir liggja úttekt í þeim efnum því til staðfestingar. Yfirferðin ætti því að geta haft víðtækari skírskotun sem nær út fyrir skólana fjóra og þó að alls ekki sé hægt að alhæfa neitt eru þetta vissulega vísbendingar um að forskriftarmálfræðin sé ríkjandi í málfræðikennslu á unglingastigi grunnskólanna en lítið fari fyrir lýsandi málfræði.

En er slæmt að svo sé? Hér er rétt að velta fyrir sér markmiðum málfræðikennslu og er ætlunin að máta aðferðir forskriftarmálfræðinnar við þau. Í nýjustu aðalnámskrá grunnskóla í íslensku (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 10) eru markmið málfræðikennslu talin vera þrjú:

1. Að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar.
2. Gera þá að betri málnotendum.
3. Glæða áhuga þeirra á móðurmálinu.¹

Í hinni hefðbundnu skólamálfræði sem birtist í málfræðibókunum hér á undan er áherslan öll á að kynna málfræðihugtök fyrir nemendum í gegnum mállýsingu íslenskunnar. Sú mállýsing miðast við ákveðið málsnið sem talið er að sé viðeigandi í nokkuð formlegu ritmáli. Reyndar er yfirleitt aldrei gefið í skyn í slíkum bókum að aðeins sé verið að ræða

¹ Uppsetningin á markmiðunum er mín til hægðarauka fyrir lesendur.

um eitt ákveðið snið málsins heldur er látið að því liggja að þetta sé íslenskan sem allir eigi að nota, bæði í ræðu og riti, eða a.m.k. að stefna að því; það er einkenni á forskriftarmálfræði.²

Nú má velta því fyrir sér hvort þessar bækur séu góð tæki til að ná markmiðunum sem hér eru nefnd. Ef byrjað er á fyrsta markmiðinu má segja að með því að fara yfir öll málfræðihugtök séu nemendur komnir með tækin til að ræða um mál og málfar. Hins vegar fer lítið fyrir því í bókunum sem skólarnir fjórir styðjast við hvernig nýta má hugtök til þess. Reyndar má velta því fyrir sér hvort bækur sem fordæma rangt mál yti ekki undir að nemendur öðlist færni til að nota hugtök in þeim tilgangi einum, þ.e. að fordæma rangt mál. Niðurstaðan hvað fyrsta markmiðið varðar er þó að það náist tæplega að fullu án þess að fleira komi til. Einnig hefur verið bent á að mun vænlegra sé til árangurs að málfræðihugtök séu kynnt til sögunnar þegar þörf er fyrir þau, enda gagnast þau kennurum og nemendum til að ræða mismunandi hliðar tungumálsins (Cox, 1991, bls. 44).

En hvað þá með annað markmiðið? Hér verður að staldra við orðalagið „betri málnotendur“. Hvað er átt við með því? Út frá sjónarhorni forskriftarmálfræðinnar má ætla að betri málnotandi feli í sér að nemandi verði leiknari í að beita réttu og viðurkenndu máli, það er að hann tileinki sér þær málvenjur sem eru í samræmi við það hafi hann ekki haft vald á þeim. Ýmsir hafa haldið því fram að þó að málfræði auki vissulega meðvitund okkar um tungumálið sé ekki þar með sagt að málfærni okkar aukist í rituðu og töluðu máli, önnur færni þurfi að koma þar til (Crystal, 1988, bls. 9). Einnig hefur verið bent á að sú nálgun sem viðhöfð er í hefðbundinni málfræðikennslu, með eyðufyllingum og undirstrikunum, skili sér ekki áfram í ritun nemendanna (Wyse og Jones, 2001, bls. 173). Slíkar umræður hafa einnig verið ofarlega á baugi hjá kennurum sjálfum, til dæmis Hörpu Hreinsdóttur (1992, bls. 14). Af þessu má draga þá ályktun að harla ólíklegt sé að markmiðið um að gera nemendur að betri málnotendum náist (á grunni þess námsefnis sem hér hefur verið fjallað um). Nú má vera að námskrárhöfundar hafi eitthvað annað og meira í huga með orðunum „betri málnotandi“. Ef svo er eru enn minni líkur á að markmiðið náist með aðferðum forskriftarmálfræði. Að þessu verður vikið síðar.

Þriðja og síðasta markmið málfræðikennslu, samkvæmt *Aðalnámskrá* (Menntamálaráðuneytið, 2007), felst í að glæða áhuga nemenda á móðurmálinu. Þó að ekki hafi verið gerð fræðileg úttekt á tengslum aðferða forskriftarmálfræðinnar og áhugaleysis nemenda á málfræði hér á landi gætu margir orðið til vitnis um slík tengsl. Margir íslenskukennarar í framhaldsskólum hafa til að mynda haft orð á því að þegar nemendur komi til þeirra úr grunnskóla hafi margir þeirra mestu óbeit á málfræði og finnst hún ekki koma sér við (Halldóra Björt Ewen, 2008, bls. 46). Aðferðir forskriftarmálfræðinnar hafa lengi verið fordæmdar, til að mynda hélt Baldur Ragnarsson því fram „að einsýnar kröfur til barna og unglinga um ‚rétt‘málfar geti auðveldlega orkað neikvætt á afstöðu þeirra til málsins, aukkið vanmetakennd og dregið úr tjáningargetu þeirra“ (1977, bls. 23) og í leiðbeiningum til breskra móðurmálskennara er varað við þeim því að þær geri nemendur oft andsnúna málfræði frekar en að þær hjálpi þeim (Wyse og Jones, 2001, bls. 173). Það ætti að vera nokkuð ljóst að aðferð sem ýtir undir að margir nemenda fyllist óbeit á málfræði getur varla talist til þess fallin að glæða almennt áhuga nemenda á móðurmálinu.

² Þegar rætt er um gott mál og leiðbeiningar um málnotkun í *Handbók um íslensku: Hagnýtur leiðarvísir um íslenskt mál, málnotkun, stafsetningu og ritun*, er það tekið fram að um sé að ræða hóflega formlegt ritað mál sem myndi hæfa í skýrslu frá opinberri nefnd, í kennslubók handa framhaldsskólum eða í forystugrein í dagblaði (Jóhannes B. Sigtryggsson, 2011, bls. 122). Ekki er talað um rétt og rangt í þessu sambandi eins og tilhneiging er til í forskriftarmálfræði heldur hvað sé gott við ákveðnar aðstæður. Slík nálgun er mjög í anda lýsandi málfræði.

Eftir að hafa mátað forskriftarmálfræði og hefðbundnar kennsluaðferðir við þau þrjú markmið málfræðikennslu sem sett eru fram í *Aðalnámskrá grunnskóla* er niðurstaðan sú að einhver önnur nálgun sé nauðsynleg því að með aðferðum forskriftarmálfræðinnar náist markmiðin ekki nema að litlu leyti.

Lýsandi málfræði

Hér á undan var reynt að túlka markmið aðalnámskrár eins mikið forskriftarmálfræðinni í hag og hægt var, ekki síst í ljósi þess að það er einnig hin hefðbundna túlkun. Þrátt fyrir það var sýnt fram á að forskriftarmálfræðin og hefðbundnar kennsluaðferðir tengdar henni henta afar illa til að ná fram settum markmiðum. Ef rýnt er víðar í aðalnámskrá kemur ýmislegt fleira fram sem ef til vill getur varpað frekara ljósi á hvað býr að baki fyrrgreindum markmiðum og hvernig túlka beri þau, til dæmis hvað felist í því að verða betri málnotandi.

Í kaflanum *Nám og kennsla í Aðalnámskrá grunnskóla* í íslensku stendur (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 8):

Lögð er áhersla á mál sem félagslegt fyrirbæri, mikilvægi þess að átta sig á breytileika í máli, til dæmis eftir landshlutum og kynslóðum, og nauðsyn þess að temja sér umburðarlyndi í þessum efnum. Einnig er fjallað um persónulegt málfar sem er eitt megineinkenni hvers einstaklings og sjálfsmyndar hans.

Í forskriftarmálfræði er aldrei fjallað um málið sem félagslegt fyrirbæri og þess vegna ekki um breytileika í máli. Eitt atriði fjalla hefðbundnar málfræðibækur þó um sem er undantekning frá þessu, þar á meðal bækurnar *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist og Skerpa 3*, en það eru staðbundnar framburðarmállýskur³, að öðru leyti er breytileika í máli ekki sinnt. Því síður er fjallað um persónulegt málfar fólks enda byggist nálgun forskriftarmálfræðinnar á því hvernig fólk ætti að beita málinu en ekki hvernig það gerir það í raun og veru. Í *Aðalnámskrá* stendur síðan undir lokamarkmiðum í málfræði: „Nemandi geri sér grein fyrir að tungumál eru síbreytileg og þekki til nokkurra breytinga á íslensku sem nú eiga sér stað“ (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 13). Forskriftarmálfræði gengur út á að horfa fram hjá öllum breytileika, ef ekki fordæma hann, og því myndi slíkt markmið aldrei nást með aðferðum hennar.

Öll markmið aðalnámskrár sem hér hafa verið nefnd kalla því hreinlega á lýsandi málfræði. Til að ná þeim þarf að fjalla um málið eins og það er notað en ekki bara eins og ætti að nota það út frá þröngum skilgreiningum. Það þarf að fjalla um einkenni talmáls sérstaklega og málbreytingar, ekki bara sögulega heldur einnig samtímalega. Með öðrum orðum þarf að fjalla um eðli tungumálsins og hvernig talmál og ritmál tengjast, um málsnið og stíl. Þetta á allt heima undir málfræði, ekki bara beygingarfræði eins og algengt er að fólk haldi.

Einhver gæti sagt: Er þetta ekki misskilningur? Er þetta ekki eitthvað sem á heima í háskóla eða hugsanlega í efri áföngum framhaldsskóla á málbrautum? Er þetta eitthvað sem á heima í grunnskóla, jafnvel á yngri stigum?

Markmið aðalnámskrár byggist á þeirri þekktu staðreynd að tungumálið er sífellt að breytast. Það þýðir til að mynda að það er munur á máli ólíkra kynslóða og það tala ekki allir eins. Þennan mun heyrta börn og unglingar allt í kringum sig. Hvers vegna ætti ekki að halda því á lofti frá fyrsta degi í grunnskóla að það tala ekki allir eins? Með því að gera það ekki, án þess beinlínis að neita því, er verið að horfa fram hjá einu ríkasta einkenni

³ Ástæðan fyrir þessu er sú að ákveðin staðbundin tilbrigði í framburði eru ekki tekin fram yfir önnur og því er það ekki hluti af forskrift í íslensku að amast við því.

hvers tungumáls, þ.e. margbreytileika þess. Í bókinni *Teaching English, Language and Literacy*, sem ætluð er móðurmálskennurum í 1.–7. bekk (e. *primary teachers*), halda höfundar því fram að hugmyndin um að tungumálið sé sífellt að breytast sé mjög mikilvæg fyrir kennara (Wyse og Jones, 2001, bls. 3). Þeir halda því jafnframt fram að ef kennari leggur of mikla áherslu á fastar, óbreytanlegar reglur sé hætt við að kennslan verði málfræðilega ónákvæm eða óviðeigandi (Wyse og Jones, 2001, bls. 3). Svo sterkara sé kveðið að orði væri slíkur kennari hreinlega að villa um fyrir nemendum sínum.

Það er nauðsynlegt að nemendur fái þessa tengingu á milli þess sem þeir heyra og átta sig á heima og úti í samfélaginu og þess sem gert er inni í skólastofunni. Að öðrum kosti verður skólamálfraeðin einangrað fyrirbæri sem nemendurnir eiga í erfiðleikum með að tengja sig við (Crystal, 1988, bls. 7).

Það er fleira fengið með því að nálgast grunnskólakennslu út frá lýsandi málfræði en hér hefur verið nefnt. Eins og Brian Cox bendir á (1991, bls. 57–58) fá nemendur aukinn skilning á samfélaginu sem við lifum í með slíkri nálgun, bæði félagslega og menningarlega, enda er tungumálið þungamiðjan í mannlegum þroska og mannlegt samfélag væri óhugsandi án þess. Cox (1991, bls. 58) bætir við að tungumálið sé í eðli sínu áhugavert og þess virði að vera rannsakað af þeim sökum. Í því sambandi má einnig nefna að Höskuldur Þráinsson (1998, bls. 132) bendir á að þar sem tungumálið er það sem helst greinir okkur frá dýrunum sé mikilvægt fyrir okkur að skilja eðli þess sem best. Að auki nefnir Höskuldur (1998, bls. 133) að sú þekking ætti að vera einhvers virði frá sjónarmiði almennrar menntunar, rétt eins og það þykir nauðsynlegt að hafa lágmarksþekkingu á eðli og gerð mannlíkamans og vita eitthvað um landið, sjóinn, dýrin og söguna.

Lokaorð

Hér hefur verið reynt að rökstyðja mikilvægi þess að ganga út frá lýsandi málfræði í málfræðikennslu í grunnskóla frekar en hefðbundinni forskriftarmálfræði og kennsluáðferðum hennar; þ.e. mikilvægi þess að allt tungumálið sé undir í kennslunni en ekki bara eitt afmarkað málsnið. Kostirnir eru ótvíræðir, nemendur ættu að verða upplýstir málnotendur, með innsýn í allt málkerfið, eðli þess og hlutverk, bæði í samfélaginu sem og í þeirra eigin persónulega lífi.

Þrátt fyrir að hér sé mælt með því að forðast beri forskriftarmálfræðina er ekki þar með sagt að með því eigi ekki lengur að kenna málsniðið sem forskriftarmálfræðin mælir með. Það þarf vissulega að kenna það enda mikilvægt að nemendur átti sig á og þjálfist í ritun nokkuð formlegs máls, enda er það málsniðið sem nýtist þeim einna best í stórum hluta þeirrar ritunar sem mætir þeim á lífsleiðinni, ekki bara í ritgerðum heldur í atvinnuumsóknunum, skýrslum og öllum hugsanlegum opinberum skrifum. Það sem skiptir hins vegar máli er í hvaða samhengi málsniðið er kynnt til sögunnar, þ.e. að það sé hreinlega kynnt sem eitt snið af málinu en ekki sem málið sjálft, fast og óbreytanlegt.

Þetta er áskorunin sem kennarar og kennslubókarhöfundar standa frammi fyrir, og eins og Brian Cox (1991, bls. 58–59) bendir á er mikilvægt að þeir hinir sömu geri sér grein fyrir hversu fjölbætt móðurmálshæfni mannsins er og vanmeti hana ekki. Nemendur koma nefnilega með mjög mikla þekkingu á tungumálinu inn í skólann sem þarf að vinna áfram með og byggja ofan á.

Heimildir

Baldur Ragnarsson. (1977). *Móðurmál: Leiðarvísir handa kennurum og kennaraefnum*. Ritroð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar II. Reykjavík: Iðunn.

- Björn Guðfinnsson. (1958). *Íslensk málfræði handa gunnskólum og framhaldsskólum* (5. útg.). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Cox, B. (1991). *Cox on Cox. An English Curriculum for the 1990s*. London: Hodden and Stoughton.
- Crystal, D. (1988). *Rediscover Grammar*. Essex: Longman.
- Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. (2008). *Skerpa 1: Vallaskólaleiðin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. (2008). *Skerpa 2: Vallaskólaleiðin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. (2008). *Skerpa 3: Vallaskólaleiðin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Halldóra Björt Ewen. (2008). Málfræði er skemmtileg. *Skíma*, 31(2), 46–47.
- Hanna Óladóttir. (2010). Breytileiki í máli sem hluti af máluppeldi grunnskólabarna. Námskrár, kennslubækur og veruleikinn í kennslustofunni. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/011.pdf>
- Harpa Hreinsdóttir. (1992). Kjarni málsins. *Skíma*, 32(15,1), 13–16.
- Höskuldur Þránínsson og Silja Aðalsteinsdóttir. (1998). *Mályrkja III: Grunnbók. Íslenska á unglingsstigi*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Höskuldur Þránínsson. (1998). *Hvað á að kenna í málfræði í skólum og hver á að kenna það? Greinar af sama meili helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Höskuldur Þránínsson. (1999). *Íslensk setningafræði* (6. útg.). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þránínsson. (2006). *Handbók um málfræði* (2. útg.). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Indriði Gíslason. (1985). *Málvísi 3*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Indriði Gíslason. (1989). *Málvísi 1*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Indriði Gíslason. (1990). *Málvísi 2*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstjóri). (2011). *Handbók um íslensku: Hagnýtur leiðarvísir um íslenskt mál, málnotkun, stafsetningu og ritun*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr. (1997). *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist* (5. útg.). Reykjavík: Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr.
- Magnús Jón Árnason. (1988). *Fallorð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Magnús Jón Árnason. (1989). *Sagnorð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Magnús Jón Árnason. (1990). *Smáorð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2001). *Málfinnur: Lítil málfræðibók*. Reykjavík: Námsgagna-
stofnun.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2003). *Finnur III: Verkefnabók*. Reykjavík: Námsgagna-
stofnun.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2005). *Finnur I: Verkefni í málfræði og stafsetningu*. Reykja-
vík: Námsgagnastofnun.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2005). *Finnur II: Verkefni í málfræði og stafsetningu*. Reykja-
vík: Námsgagnastofnun.

Wyse, D. og Jones, R. (2001). *Teaching English, Language and Literacy*. London og New
York: Routledge/Falmer.

Þórunn Blöndal. (1994). *Mályrkja I: Íslenska á unglíngastigi. Grunnbók*. Reykjavík: Náms-
gagnastofnun.

Þórunn Blöndal. (1996). *Mályrkja II: Íslenska á unglíngastigi. Grunnbók*. Reykjavík: Náms-
gagnastofnun.



Hanna Óladóttir. (2011).
Málfræði handa unglíngum: Lýsandi málfræði og forskriftarmálfræði.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/003.pdf>